

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 248/1991, orðist svo:
Greidda skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	85.432	2800 - 2999	140.440
1000 - 1999	109.200	3000 - 3199	146.688
2000 - 2199	115.449	3200 - 3399	152.936
2200 - 2399	121.696	3400 - 3599	159.183
2400 - 2599	127.944	3600 - 3799	165.432
2600 - 2799	134.192	3800 - 3999	171.679

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	111.061	2800 - 2999	182.572
1000 - 1999	141.962	3000 - 3199	190.693
2000 - 2199	150.082	3200 - 3399	198.816
2200 - 2399	158.111	3400 - 3599	206.939
2400 - 2599	166.328	3600 - 3799	215.060
2600 - 2799	174.450	3800 - 3999	223.183

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 248/1991, orðist svo:
Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0 - 4,9	5,85	15,0 - 15,9	12,45
5,0 - 5,9	6,24	16,0 - 16,9	13,45
6,0 - 6,9	6,73	17,0 - 17,9	14,43
7,0 - 7,9	7,06	18,0 - 18,9	15,31
8,0 - 8,9	7,37	19,0 - 19,9	16,47
9,0 - 9,9	7,71	20,0 - 20,9	17,34
10,0 - 10,9	8,19	21,0 - 21,9	18,33
11,0 - 11,9	8,50	22,0 - 22,9	19,49
12,0 - 12,9	9,55	23,0 - 23,9	20,42
13,0 - 13,9	10,47	24,0 - 24,9	21,35
14,0 - 14,9	11,57	25,0 og þyngri	22,39

3. gr.

2. málsli. 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja dagsektir á eiganda eða umráðamann bifreiðar er nemi 300 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 8. gr. í allt að 30 daga, eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrr.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó gildi strax að loknu 1. álesturstímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1992, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álesturstímabils skal innheimta hið hækkada gjald.

Fjármálaráðuneytið, 9. desember 1991.

Friðrik Sophusson.

Rúnar Hannesson.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir móttöku og förgun úrgangs á Blönduósi og nærsveitum.

1. ALMENN ÁKVÆÐI.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, flokkun, endurvinnslu, og eyðingu úrgangs á Blönduósi og nágrenni.
- 1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3. Rekstraraðila er skylt að sjá um, að fyllstu snyrtimennsku og góðrar umgengni sé gætt á athafnasvæðunum. Úrgang og annað rusl, svo sem pappír og plast, sem kann að berast út fyrir athafnasvæðið skal hreinsa upp jafnóðum.
- 1.4. Opin brennsla er óheimil á athafnasvæðunum. Óski rekstraraðili að koma upp brennsluofni þarf að fá sérstakt starfsleyfi fyrir slíkan rekstur.
- 1.5. Óski rekstraraðili eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstrinum, skal sækja um nýtt starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.
- 1.6. Komi fram mengun, frá starfsemi, sem ekki er í samræmi við gögn sem lögð eru fram með umsókn um starfsleyfi er rekstraraðili ábyrgur fyrir því að stöðva áframhaldandi mengun, á sinn kostnað, og hreinsa þá mengun sem þegar hefur orðið.
- 1.7. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, lagt til við umhverfisráðherra að starfsleyfi þetta verði endurskoðað, ef í ljós kemur að frá starfsemi sé hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða röskun lífríkis.